



Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 76. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn í
Gömlubúð Hornafirði og fjarfundi,
17. janúar 2020, kl. 10:30.**

Fundinn sátu:

Matthildur Ásmundardóttir formaður svæðisráðs, Friðrik Jónas Friðriksson varaformaður svæðisráðs, Hjördís Skírnisdóttir fulltrúi sveitafélags, Laufey Guðmundsdóttir fulltrúi útivistarfélaga, Snævarr Guðmundsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Sigríður Arna Arnþórsdóttir fulltrúi útivistarfélaga, Steinunn Hödd Harðardóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar og Hrafnhildur Ævarsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Fundargerð ritaði: Steinunn Hödd Harðardóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

1. Stjórnunar- og verndaráætlun Jökulsárlón og þjóðlendur - 1709003

Stutt kynning á stöðu stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Breiðamerkursand.

Þorvarður Árnason hélt kynningu á stöðu vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand. Næstu skref er vinnustofa hagaðila 10. febrúar kl. 11-16. Verklok eru áætluð á vormánuðum.

2. Hlutverk og siðareglur svæðisráða Vatnajökulsþjóðgarðs 2019 - 1911018

Kynnt drög að starfslýsingum svæðisráða og siðareglum stjórnarmanna og svæðisráðsfulltrúa.

Siðareglur stjórnarmanna og svæðisráðsfulltrúa lagðar fram til kynningar ásamt drögum að hlutverki svæðisráða. Svæðisráð samþykkir bæði skjölin.

3. Stjórnunar- og verndaráætlun VJP 2020 - 2023 - 1909029

Kynning á verklagsreglum við ferli stjórnunar- og verndaráætlunar.

Aðstoðarmenn þjóðgarðsvarðar (HÆ, SHH) kynna væntanlega endurskoðun á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Fulltrúar svæðisráðs munu kynna sér stjórnunar- og verndaráætlun og munu koma með breytingartillögur á næsta fund (77. fund) þann 3. febrúar. Í framhaldi af þeim fundi verður boðað til samráðsfundar með hagaðilum og þeim gefinn kostur á að gera almennar athugasemdir og koma með tillögu um breytingar. Svæðisráð mun eftir það taka aðra umræðu um breytingartillögur og leitar í framhaldinu eftir umsögn frá Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, og eftir atvikum öðrum fagstofnunum, sveitarstjórnunum og öðrum hagaðilum á svæðinu. Eftir það mun svæðisráð fjalla um innkomnar athugasemdir og mun taka tillit til þeirra við endanlegar tillögur. Breytingartillögur svæðisráðs verða að lokum sendar áfram til stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs.

4. Hornafjörður - Umsögn aðalskipulagsbreyting - Skaftafell III og IV - 201709489 - 1905012

Deiliskipulag fyrir Skaftafell III og IV.

Svæðisráð stendur við fyrri umsögn um aðalskipulagsbreytingu á Skaftafelli III og IV. Verði skipulagið samþykkt með minna byggingarmagni, að hámarki 1400 fermetra, óskar svæðisráð eftir samráði við vinnu deiliskipulags þannig að uppbygging falli sem best að umhverfinu. Svæðisráð telur 1400 fermetra vera rífllegt byggingarmagn.

5. BH - Leyfi fyrir flugeldasýningu á jörðinni Fell 2 - 2001007

Ósk um leyfi fyrir flugeldasýningu á Jökulsárlóni.

Svæðisráð gerir sér grein fyrir mikilvægi flugeldasýningarinnar fyrir Björgunarfélag Hornafjarðar sem er ein helsta fjáröflun félagsins. Björgunarfélagið kemur að björgun og aðstoð ferðamanna innan þjóðgarðsins og hefur samstarfið verið gott. Svæðisráð mælir með því að Björgunarfélag Hornafjarðar fái leyfi til flugeldasýningar á jörðinni Felli 2 árið 2020.

Að auki hvetur svæðisráð til þess að Björgunarfélag Hornafjarðar og starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs taki höndum saman og leiti umhverfisvænni leiða við slíka viðburði til framtíðar.

6. VG - Takmörkun á umferð að Hæðum og Bölta í Skaftafelli - 1906022

Takmörkun á umferð um veg upp í Hæðir

Svæðisráð tekur undir athugasemdir aðstoðarmanns þjóðgarðsvarðar varðandi takmörkun á umferð umrædds vegar, og er sammála því að hafa veginn áfram í umsjá Vegagerðarinnar. Lagt er til að umferð um veginn takmarkist við starfsfólk þjóðgarðsins, viðbragðsaðila, ábúendur í Hæðum og gesti þeirra, og aðra umferð með sérstöku leyfi þjóðgarðsstarfsmanna (sbr. vísindamenn, hreyfihamlaða, o.s.frv.).

7. Skaftafell - Framtíðarsýn og stefnumótun - 1909031

Kynning á fyrirhuguðum framkvæmdum í Skaftafelli.

Aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar (HÆ) kynnti aðstæður og fyrirhugaðar framkvæmdir í Skaftafelli. Þjóðgarðurinn hefur fengið fjármagn í fráveituframkvæmdir og fyrirhugað er að sækja um fjármagn í vinnu að nýju deiliskipulagi fyrir Skaftafell. Svæðisráð fagnar því að nú verði hægt að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir og bindur vonir við að vinna við nýtt deiliskipulag geti hafist sem fyrst.

Aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar (HÆ) upplýsti svæðisráð um bruna á söluhúsnæði Arctic Adventures hf. í desember síðastliðnum. Við brunann kom í ljós að brunahanar á svæðinu eru ótengdir, svæðisráð ítrekar það að tryggt verði að brunahanar á svæðinu verði tengdir við vatn. Arctic Adventures hf. hafa nú þegar fengið stöðuleyfi fyrir nýju söluhúsnæði á sama stað.

Fundi slitið kl. 13:30.